

Fundur stjórnar foreldrafélags Naustaskóla – 23. apríl 2019

Mætt eru: Ingibjörg, Ína, Elísa, Rósa, Kolbrún, Hilmir, Elsa

Dagskrá og fundargerð

1. Staða fjármála og hvað við viljum nota peningana í – það hefur gengið mjög vel að innheimta félagsgjöld og núna eru til 535.000 krónur. Enn á eftir að greiða einhverja bekkjarkvöldsstyrki – sennilega um 150.000 sem gæti átt eftir að borga.
 - a. Ís fyrir alla – Ína ætlar að hafa samband við Brynju og fá tilboð og hafa samband við Bryndísi um hvað skólinn segir.
 - b. Skemmtiatriði – Ína ætlar að athuga hjá félagi norðlenskra kvenna í tónlist og tónlistarskólann. Inga talar við LA um Gallsteina afa Gissa. Inga athugar með Magna.
2. Hverjir munu gefa kost á sér áfram í stjórn næsta vetur – Kolbrún (1.bekk), Rósa (2. Bekk), Hilmir og Elsa (3. Bekk),
3. Hvaða verkefni eru framundan það sem eftir er vetrar – bara að kaupa þá ísferð og skemmtun. Svo er inni ennþá beiðni um að kaupa hluti fyrir nemendur, t.d. borðtenniskúlur og spaðar.
4. Hugmynda-stormur um hvernig hægt er að virkja foreldra betur til þátttöku í starfinu
 - a. Spurning að hafa samband við Heimili og skóla til að koma og leiðbeina okkur (Bryndís) – athuga hvort hún vilji koma í byrjun næsta skólaárs. Inga hefur samband. Athuga hvernig við verðum félagar og hvort við séum það nú þegar.
 - b. Spurning að fá skólann inn í þetta með okkur – þau hafa lýst yfir áhuga á því. Inga hefur samband við Bryndísi um að fá fund með skólastjórnendum og hug-storma um þetta.
5. Facebook-síðurnar – staðan og hvað þarf að gera. Gera annan að stjórnanda, foreldrafélagið fer út og biðja þá sem ekki eiga börn í skólanum að yfirgefa hópinn.
6. Samtaka – Silla og Kolbrún ætla að hætta í samtaka fyrir næsta vetur. Samtaka á að vera hluti af Heimili og skóla og að tengja saman foreldrafélögin hér. Er líka alltaf gerður samningur við fræðsluráð um samtaka. Fulltrúar Naustaskóla ætla að taka saman greinagerð um starfið í vetur og hvernig það hefur gengið og við tökum það fyrir á næsta fundi.
7. Önnur mál:
 - a. 10. bekkjar fjáröflun hefur farið í gegnum foreldrafélagið – þessu þarf að breyta! Inga tekur þetta upp við Bryndísi og þetta þarf að leysa fyrir upphaf næsta skólaárs! Þetta verður að vera á ábyrgð foreldra viðkomandi árgangs. Spurning að koma þeirri hugmynd á framfæri við skólann að þessi fjáröflun byrji fyrir, t.d. á vorönn í 9. bekk.
 - b. Ósk frá skólanum um að greiða fyrir leikstjóra og það má athuga það fyrir næsta vetur – og athuga þá hvort hluti af því mætti þá koma líka frá kaffisölu 10. bekkjar.